

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2002

frá 8. nóvember 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2002 frá 27. september 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/231/EB frá 18. mars 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir skófatnað og breytingu á ákvörðun 1999/179/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB frá 25. mars 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir sjónvarpstæki ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2eo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/179/EB):

„- **32002 D 0231**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/231/EB frá 18. mars 2002 (Stjtið. EB L 77, 20.3.2002, bls. 50).“

2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2et (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/607/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2001, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 20.3.2002, bls. 50.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 87, 4.4.2002, bls. 53.

„2eu. **32002 D 0255**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB frá 25. mars 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir sjónvarpstæki (Stjtið. EB L 87, 4.4.2002, bls. 53). “

2. gr.

Texti ákvarðana 2002/231/EB og 2002/255/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

